

Minningarsjóður systkinanna frá Auðsholti: Elínar, Ísleifs og Sigríðar.

ENDURRIT úr NOTARIALBÓK REYKJAVÍKUR.

Við systurnar Elín og Sigríður Jakobsdætur, Ránargötu 12, í Reykjavík, sem með erfðaskrá höfum, hvor um sig, arfleitt þá, sem lengur lifir að öllum okkar eignum föstum og lausum, hverju nafni sem nefnist.

Gjörum kunnugt: Þegar við báðar erum látnar er það vilji okkar, að skiptaráðandinn í Reykjavík selji á hagkvæmastan hátt hálfa húseignina Hafnarstræti 4 og Veltusund 1, hér í bæ, sem nú er eign Sigríðar Jakobsdóttur. Andvirði fasteignarinnar, að frádregnum þá áhvílandi skuldum og kostnaði við söluna, skal ganga til Háskóla Íslands til stofnunar sjóðs, er heiti:

Minningarsjóður systkinanna frá Auðsholti: Elínar, Ísleifs og Sigríðar. Þó skal ekki í þennan sjóð leggja hærri upphæð en kr. 50.000.00.

Ef eignin því, að skuldum frádregnum, kynni að seljast fyrir meir en 50.000.00 krónur, skal sú upphæð, sem framyfir er 50.000.00 krónur, afhendast Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík og skal sú upphæð leggjast í styrktarsjóð Ísleifs Jakobssonar bróður okkar, en ég Sigríður, hefi nú þegar gjört ráðstafanir til þess, að sá sjóður verði stofnaður um leið og þessi fasteign verður seld.

Minningarsjóður þessi skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Skal helmingur ársvaxtanna ávalt leggst við höfuðstólinn, en helminginn skal nota til styrktar ungum reglusömum og efnilegum kandidat í læknisfræði frá Háskóla Íslands til framhaldsnáms erlendis.

Áður en kandidatinn fær þennan styrk skal hann hafa lokið því framhaldsnámi á spítölum, sem er skilyrði fyrir því að geta fengið lækningaleyfi hér á landi.

Stjórn sjóðs þessa skal skipuð 3 mönnum, þeim prófessorum við Háskólann í handlæknisfræði og lyfjafræði, er jafnframt eru yfirlæknar á Landsspítalanum og prófessorunum í meinafræði og er gjört ráð fyrir því að þeir gjöri þetta allir endurgjaldslaust. Stjórn sjóðsins ræður hverja skuli styrkja, einn eða fleiri einu sinni eða oftár. Ef hún er ekki á einu máli um það, skal styrkveitingin borin undir læknadeild Háskólans og skal þá sá styrkinn hljóta, er bæði meiri hluti stjórnarinnar og meiri hluti læknadeildarinnar velur. Ef stjórnin einhverntíma telur engan kandidat styrkspurfa eða hæfan til þess að njóta styrksins til framhaldsnáms erlendis, má nota styrkinn til vísindalegra rannsókna í læknisfræði hér á landi.

Stjórn sjóðsins skal láta gjöra skipulagsskrá fyrir sjóðinn, er sé í samræmi við þetta bréf, og skal sú skipulagsskrá fá staðfestingu íslenskra stjórnarvalda.

Erfðaskrá þessi skal staðfestast af notarius publicus og innfærast í notarialbók Reykjavíkur.

Reykjavík, 10. júlí 1942.

Elín Jakobsdóttir (sign.)

Sigríður Jakobsdóttir (sign.)

Rétt innfært.

G.A. Pálsson.